

## **Aldarafmæli Stúdentaráðs - Ávarp rektors**

**Hátíðarsalur Háskóla Íslands, 4.12.2020**

**Kl. 18-19:30**

Forseti Íslands, forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, forseti Stúdentaráðs, góðir gestir nær og fjær.

Það er mér sérstakt ánægjuefni að ávarpa þessa hátíð sem haldin er í tilefni aldarafmælis Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Ég óska öllum hjartanlega til hamingju með afmælið.

Það er óhætt að segja að allt frá stofnun Háskóla Íslands fyrir tæpum 110 árum hafi stúdentar gegnt lykilhlutverki við þróun skólans og haft mikil áhrif á vöxt hans og uppbyggingu.

Nú er svo komið að aðkoma stúdenta er tryggð við stjórn skólans á öllum stigum og eiga stúdentar sæti við borðið þar sem allar meiri háttar ákvarðanir eru teknar, hvort sem er í námsbrautum og deildum, í starfsnefndum háskólaráðs, í háskólaráði eða við mótun framtíðarstefnu Háskóla Íslands, svo dæmi séu nefnd.

Sannarlega má segja að góð samvinna hafi löngum ríkt milli stjórnenda Háskóla Íslands og Stúdentaráðs, enda hagsmunir og hugsjónir sameiginlegar um íslenskan háskóla í fremstu röð sem jafnframt er samkeppnisfær á alþjóðlegum vettvangi. Þó stundum hafi verið tekist á um leiðir hefur samvinnan mun oftár skilað árangri.

Það var heillaskref þegar tekin var ákvörðun um að Stúdentaráð fengi fast framlag af fjárveitingum skólans sem gerði ráðinu kleift að ráða starfsmann fyrst árið 1959. Á þeim árum sem síðan eru liðin hefur skrifstofa Stúdentaráðs og öll þjónusta við nemendur verið stóraukin og nú síðast gengum við frá enn frekari eflingu starfsemi Stúdentaráðs með samningi um hálfv starf alþjóðafulltrúa til að sinna betur æ stækkandi alþjóðlegum hópi stúdenta innan Háskóla Íslands og styrkja tengslin við alþjóðlega Aurora háskólanetið sem Háskóli Íslands leiðir nú og stúdentar skólans hafa komið að með afgerandi hætti.

Einkar áhugavert er að fara yfir sögu Háskóla Íslands og Stúdentaráðs og sjá baráttumál samtímans endurspeglast í orðræðu og aðgerðum stúdenta á hverjum tíma.

Stúdentar og Stúdentaráð hafa alla tíð lagt af mörkum við uppbyggingu Háskóla Íslands, oft með beinum hætti eins og þegar þeir hófu fjársöfnun til byggingar stúdentagarðs árið 1922 eða þegar þeir árið 1936 settu upp stúdentshúfurnar, brettu upp ermar, gripu skóflur og haka og einhentu sér í að grafa grunn fyrir háskólabygginguna langþráðu, Aðalbyggingu Háskóla Íslands sem við erum saman komin í hér í dag, Af því eru til einstakar myndir í safni Háskólans, en hornsteinn að Aðalbyggingu var lagður þetta sama ár, á fullveldisdaginn 1. desember sem alla tíð hefur verið sérstakur hátíðisdagur stúdenta.

Málefni á borð við þróun kennsluhátta, húsnæðis- og aðstöðumál, framfærsla og daggæsla fyrir börn stúdenta hafa löngum einkennt hagsmunabaráttu stúdenta og hefur náðst árangur á öllum þessum sviðum.

Mikilvægur þáttur í starfsemi Stúdentaráðs í gegnum áratugina hefur verið þróun þjónustu við nemendur. Stofnun mótuneytis Stúdentaráðs, Mensa academia, útgáfa Stúdentablaðs, margvíslegt framlag til fjölbreytts félagslífs, íþróttá- og menningarstarfs, atvinnumiðlun, jafnvel Ferðaskrifstofa stúdenta og loks stofnun Félagsstofnunar stúdenta árið 1968 – allt hefur þetta skipt sköpum við mótun þess fjölmenna og fjölbreytta samfélags stúdenta og starfsfólks sem saman mynda það 20.000 manna háskólasamfélag sem Háskóli Íslands er í dag.

Bygging Háskólatorgs, sem flestir líta á sem hjarta háskólasvæðisins, er annað dæmi um farsælt samstarf Háskólans og stúdenta, en með opnun Háskólatorgs var allri aðstöðu nemenda og starfsfólks gerbylt við Háskóla Íslands.

Sjálfur sat ég í Stúdentaráði frá 1981 til 1983 og var sá tími mér mjög lærdómsríkur. Það var þó nánast tilviljun að ég var valinn til setu í ráðinu. Ég man vel eftir því að á nýársdag 1981 fékk ég símtal frá tilvonandi oddvita Vöku, sem ég þekkti úr MR. Hann bauð mér 2. sæti á lista félagsins við næstu stúdentaráðskosningar. Erindið kom mér á óvart því ég hafði ekki tekið neinn þátt í starfi Vöku fram að því og aldrei komið á fund. Ástæða símtalsins var að það vantaði að styrkja tengsl Vöku við Verkfræði- og raunvísindadeild, en félagið taldi sig ekki hafa nægilega sterka stöðu þar. Þótt ég hafi haft mínar efasemdir um að ég væri rétti kandídatinn til að bæta úr þessu, sló ég til.

Ég heyrði svo ekkert af þessum framboðsmálum fyrr en ég var boðaður á fund þar sem átti að samþykkja framboðslistann. Ég fór á fundinn, en þekkti ekki marga þar. Tillaga uppstillingarnefndar var borin upp við litla hylli sumra fundarmanna sem töldu rétt að þeir sem hefðu tekið þátt í starfinu ættu að vera í efstu sætum listans. Þegar á hólminn var komið var ég nú ekki tilbúinn að gefa eftir sætið og fékk það að lokum eftir heilmikla baráttu á fundinum. Listinn var því klár og farið var í myndatöku. Ég var kominn í framboð.

Nokkrum vikum síðar var ég kjörinn fulltrúi í Stúdentaráð til tveggja ára og Vaka komst í meirihluta ásamt nýju framboði Umbótasinna sem fengu formann ráðsins. Ég get ekki sagt að ég hafi verið virkur í starfi Stúdentaráðs í byrjun. Ég var nýr og óreyndur og til viðbótar var umræðan á köflum um utanríkismál eða herflugvélar á Keflavíkurflugvelli sem mér fannst ekki sérlega áhugavert.

Hins vegar fékk ég frábært tækifæri hálfu ári síðar þegar mér var boðið að vera formaður Hagsmunanefndar Stúdentaráðs. Ég sinnti formennskunni í eitt og hálf ár og sá tími var afar gefandi. Við fjölluðum um lánasjóðsmál, byggingu stúdentagarða og margt fleira sem mér fannst þess virði að beita mér fyrir. Ég átti í góðu samstarfi við fulltrúa allra fylkinganna þriggja í nefndinni og segja má að þetta hafi búið mig undir margt sem síðar átti eftir að drífa á mína daga, s.s. varðandi fundarstjórn og leita leiða til að koma málum áfram í góðri sátt.

Mér hefur fundist frábært að vinna með nemendum síðan ég kom til starfa við Háskóla Íslands og hef ég átt því láni að fagna að kynnast forystufólki stúdentahreyfingarinnar á undanförunum áratugum. Það er sérlega ánægjulegt að fylgjast með þessu unga hæfileikafólki bæði í störfum fyrir Stúdentaráð og einnig eftir að háskólanámi þeirra lýkur. Það er alveg ljóst að forystufólk velst til starfa við Stúdentaráð. Ég man m.a. eftir að hafa tekið þátt í fyrstu þriggja manna stjórn aðstoðarmannasjóðs Háskóla Íslands ásamt núverandi forsætisráðherra Íslands, sem þá var fulltrúi nemenda í háskólaráði, og áttum við afar gott samstarf. Það sem alla tíð hefur verið sammerkt með stúdentaleiðtogunum er einlægur vilji þeirra til að bæta háskólasamfélagið, hvort sem um er að ræða kennsluhætti, námsmat, stúdentagarða, velferðarmál eða annað.

Reynsla mín af setu í Stúdentaráði átti eftir að reynast mér dýrmæt þegar ég fór í framboð til rektors árið 2015. Stúdentarnir sem unnu með mér, úr báðum fylkingum, tóku afgerandi þátt í mótun áherslna framboðsins, og markaðssetningu þess. Það var einstaklega góð reynsla að vinna með þessum frábæra hópi stúdenta sem vann þétt saman sem teymi og var afar skipulagður. Mörg þeirra höfðu öðlast dýrmæta reynslu á vettvangi Stúdentaráðs. Ég man eftir því að daginn eftir kosningarnar fór ég í viðtal við Stúdentablaðið og dáðist ég þar að starfi þessa unga fólks sem veitti mér mikinn innblástur.



Kæru afmælisgestir. Þó veirufaraldurinn skæði sem herjað hefur á heimsbyggðina mestallt þetta ár setji mark sitt á hátíðarhöldin vegna aldarafmælis Stúdentaráðs Háskóla Íslands dregur það ekki úr inntaki og anda hátíðarhaldanna. Stúdentar og starfsfólk Háskóla Íslands halda ótrauð áfram á vegferð sinni, drifin áfram af þeirri hugsjón að bæta og efla starf Háskóla Íslands íslensku samfélagi til heilla. Ég óska Stúdentaráði Háskóla Íslands hjartanlega til hamingju með aldarafmælið og óska ráðinu heilla um alla framtíð.